



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur - Grafarholt

1. Vallarmörk eru girðingar og hvítar stikur. Þegar **12.** braut er leikin er svæðið vinstra megin við stikurnar útaf. Annars eru stikurnar óhreyfanlegar hindranir.
2. Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðar- stikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum, **einnig vatnsbrunnur og vatnskrani á 10. Holu** eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður). **Engin lausn** fæst samkvæmt **reglu 15.2** (Hreyfanlegar hindranir)
3. Skúrarnir á **10. holu** eru óhreyfanlegar hindranir og er veitt frí lausn frá þeim skv. **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður), þegar þeir trufla fyrirhugaða stöðu eða fyrirhugað sveiflusvið.
4. Kyflingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

Tímabundnar staðarreglur:

1. Þegar bolti liggur innan *almenna svæðisins* og gras slegið í brautarhæð eða neðar, má taka vítalaus lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:
 - a. Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).
 - b. Stærð lausnarsvæðis: ein *kyflulengd* frá viðmiðunarstað.
 - c. Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
 - i. Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn
 - ii. Ef boltinn liggur innan við tvær kyflulengdir frá flöt, má ekki færa næra flöt.
 - iii. Það verður að vera á *almenna svæðinu*.
2. Til 15. Júní, þegar bolti liggur á flöt, má færa bolta um allt að einn púttershaus einu sinni fyrir hvert högg, en ekki nær holu.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9756

Félagsmenn GR geta sent póst á domari@grgolf.is og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktkeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti